



Skýrsla sveitarstjóra, kynnt á
sveitarstjórnarfundi nr. 247,
11. júní 2024




Dalabyggð



Helstu viðfangsefni síðustu daga og vikur eða frá síðasta reglubundna fundi sveitarstjórnar Dalabyggðar sem haldinn var 16. maí sl. Hér er einungis stiklað á stóru því margt af því sem fram fer á skrifstofu sveitarstjóra og annarra starfsmanna Dalabyggðar ratar ekki í dagbók undirritaðs eða er þess eðlis að ekki er eðlilegt að nefna í opinberu minnisblaði.

- Íbúafjöldi í Dalabyggð er nú 666 íbúar mv. 2. júní sl. hefur fjölgað um 6 frá því í byrjun maí.
- Útboð á skólaakstri fór í loftið um miðan apríl og nú er unnið að því að ganga frá samningum við verktaka en tilboð komu í allar 7 leiðirnar og eru það tveir verktakar sem skipta leiðnum á milli sín. Útboðið er unnið í samstarfi við Ríkiskaup.



- Forsetakosningar gengu vel fyrir sig hér í Dalabyggð og er full ástæða til þess að hrósa öllu því góða fólki sem kom að framkvæmd þeirra og ekki síst kjörstjórninni okkar. Öll gögn sem kjörstjórnin skilaði af sér voru óaðfinnanleg og sá formaður kjörstjórnar í Norðvesturkjördæmi ástæðu til þess að hringja sérstaklega og hrósa okkar fólki og geri það slíkt hið sama hér og nú. Og auðvitað óskum við hér í Döllum nýkjörnum forseta, Höllu Tómasdóttur, til hamingju með kjörið og væntum þess að fá hana í heimsókn til okkar hér í mesta söguhérað landsins fyrr en seinna.
- Upplýsingafundur vegna verkefnisins „Gott að eldast „ á Vesturlandi var haldinn í Nýsköpunarsetrinu þriðjudaginn 21. maí sl. Það var Laufey Jónsdóttir svokallaður tengslafulltrúi sem kom til okkar og var með kynningu á verkefninu. Mæting var góð og umræður sömuleiðis og vonandi auðnast okkur að standa vel að innleiðingu þessa hér í Dalabyggð.



- Miðvikudaginn 22. maí sl. mætti undirritaður ásamt fulltrúum Ólafsdalsfélagsins á fund fjármálaráðherra til að ræða málefni Ólafsdals og þá uppbyggingu sem þar er í gangi. Ólafsdalsfélagið hefur stutt ötullega við og haldið þeim merku minjum sem í Ólafsdal eru á lofti og mikilvægt að góð sátt náist með öllum hagaðilum sem að uppbyggingu og varðveislu Ólafsdals koma með einum eða öðrum hætti.
- Byggðarráð úthlutaði lóð við Vesturbraut til Olís á fundi sínum fyrir stuttu. Lóðin og skipulag hennar er nú í grenndarkynningu og vonandi nær Olís að hefja framkvæmdir við lóðina fyrir lok sumars. Það er fagnaðarefni að samkeppni á eldsneytismarkaði nái til okkar hér í Búðardal.



-
- Breytingar urðu um miðjan maí á stjórn samstarfsverkefnis okkar í Dölum með vinum okkar á Reykhólum og Ströndum varðandi brunavarnir. Unnið verður að því í sumar að móta starf slökkviliðanna og stjórnun og leggja línur um hvernig best verður á málum haldið til framtíðar.
 - Þann 5. júní sl. var undirritaður samningur milli Dalabyggðar og Ungmennafélagsins Ólafs þá varðandi afnot starfsmanna Slökkviliðs Dalabyggðar af líkamsræktarstöð félagsins. Í starfi slökkviliðsmanna er gerð krafa um andlegt og líkamlegt heilbrigði þar sem regluleg hreyfing er stór áhrifapáttur. Það er vilji Dalabyggðar að búa yfir vel þjálfuðum og hraustum starfsmönnum innan raða slökkviliðsins og er samningurinn liður í að efla bæði þá sem þar starfa sem einstaklinga en einnig liðið í heild sinni.



- Skólaslit Auðarskóla fóru fram þann 3. júní sl. Var það glæsileg samkoma og gaman að sjá hve vel var mætt í Dalabúð. Það er að mínu mati til fyrirmyndar hvernig haldið er utan um þessa athöfn með aðkomu barna á báðum skólastigum, þ.e. bæði leik- og grunnskóli, vel gert Auðarskóli, starfsfólk og nemendur !



- Farsældardagur Vesturlands var haldinn í Borgarnesi 16. maí sl.. Fjölmenn var á deginum og voru fulltrúar frá öllum sveitarfélögum á Vesturlandi saman komin og var markmið dagsins að styrkja bæði þekkingu og tengslanet þeirra aðila sem koma að farsældarþjónustu barna og ungmenna á Vesturlandi. Ásmundur Einar Daðason mennta- og barnamálaráðherra setti daginn og skrifað var undir samkomulag við Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi um ráðningu verkefnastjóra í farsældarmálum. Vesturland er þannig fyrsti landshlutinn til að sameinast um svæðisbundið farsældarráð. Dagurinn fór þannig fram að öll sveitarfélögin sögðu frá sínu fyrirmýndarverkefni sem tengist farsæld barna, á milli þess sem unnið var í vinnulotum. Herdís Erna Gunnarsdóttir, skólastjóri Auðarskóla og Jóna Björg Guðmundsdóttir, verkefnastjóri fjölskyldumála kynntu stöðu Auðarskóla og fóru yfir þær breytingar sem hafa átt sér stað síðastliðið ár og hafa orðið til þess að stoðir, þjónusta og stuðningur við börn og fjölskyldur þeirra hefur styrkst. Í lok dags var undirrituð samstarfsyfirlýsing um verkefnið „Öruggara Vesturland“ um samráð gegn heimilisofbeldi. Þar er einnig lögð áhersla á öflugra forvarnarstarf og snemmtækar íhlutanir fyrir börn og ungmenni á Vesturlandi.



- Miðvikudaginn 16. maí var haldinn opinn fundur vegna verkefnisins Dalabyggð í sókn. Verkefnið er styrkt af Byggðaráætlun og er markmiðið með því að efla ímynd Dalanna út á við og þannig hvetja fólk bæði til að heimsækja svæðið og setjast hér að. Á fundinum fór Ingvar Örn Ingvarsson frá ráðgjafafyrirtækinu Cohn&Wolfe yfir verkefnið og kallað var eftir hugmyndum fundargesta sem nýst gætu til að auka hughrif um Dalina. Útskýrt var að skapa þyrfti hugtak eða heildarhugmynd og hvernig slíkt gæti litið út. Það verður spennandi að taka þátt í framvindu þessa verkefnis og vil ég hvetja sem flesta til þess að taka þátt í íbúafundum sem haldnir verða í tengslum við verkefnið því við erum enn á byrjunarstigi þess eins og fram kom í frétt í kjölfar fundarins.



- Fundað var í byrjun júní með Vegagerðinni varðandi aðgerðir til þess að auka umferðaröryggi á þjóðvegnum í gegnum Búðardal í sumar. Fyrir liggja eftir þann fund áform um aðgerðir sem nú er verið að kostnaðarmeta af hálfu Vegagerðarinnar og standa vonir til þess að hægt verði að ganga í a.m.k. hluta þessara aðgerða nú strax í sumar.
- Talandi um vegamál þá hélt atvinnumálanefndin okkar spjallfund á Nýsköpunarsetrinu þann 4. júní sl. Ágætis samtal varð um þau mörgu brýnu verkefni sem við þurfum að hjálpast að við að halda á lofti gagnvart vegamálayfirvöldum – daginn áður en öllu heldur tveimur nóttum áður höfðu kröftugir fulltrúar okkar í Dölum plantað sumarblómum í valdar holur á Skógarstrandarvegi og vakti sá gjörningur og þau friðsælu mótmæli mjög verðskuldaða athygli í fjölmiðlum og samfélagsmiðlum.



- Starfshópur á vegum umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra er nú á lokametrum í sinni vinnu og er stefnan nú að skila tillögum hópsins varðand tækifæri sem í Dölum eru á málefnasviði ráðuneytisins til uppbyggingar og eflingar innviða fyrir lok júní.
- Vinnuskólinn okkar hóf störf í morgun og eru 6 krakkar skráðir til leiks í sumar. Sigríður Jónsdóttir hefur yfirumsjón með skólanum og hópstjóri hefur verið ráðinn Sölvi Meldal. Það er vonandi að starfið í sumar verði kraftmikið og gott og þess sjáist merki hér hjá okkur í Búðardal.



- Sameiginlegur fundur sveitarstjórnar og ungmennaráðs var haldinn hér fyrr í dag og var gott og gagnlegt að eiga samtal við fulltrúa ungmenna hér í Dalabyggð. Umræðum og efni fundarins verða gerð frekari skil í skýrslu minni á næsta fundi.
- Nú er búið að tæta matjurtagarðinn í Búðardal fyrir áhugasama en þar geta íbúar Dalabyggðar sett niður og sinnt matjurtum í sumar. Gildir reglan fyrstur kemur fyrstur fær, einstaklingar sjá sjálfir um að taka frá reit í matjurtagarði. Gott er að afmarka reitina með sjáanlegum hætti. Ekki er tekið gjald fyrir afnot af reit í garðinum. Garðurinn er staðsettur til hliða við vatnstanka. Ekið er upp afleggjara að hesthúsahverfinu.



BINGÓ SUMAR

- Sumarbingó Héraðsbókasafns Dalasýslu verður nú endurtekið þriðja sumarið í röð. Bingóið er lestrarátak Dalabyggðar yfir sumartímann fyrir börn á aldrinum 5-12 ára. Markmið með lestrarátaki yfir sumartímann er að hvert barn lesi í sumar, viðhaldi leshraða, lesskilningi og njóti lestursins. Skólar og bókasöfn standa reglulega fyrir lestrarátaki en yfir sumartímann er hætt við að lestur detti niður eða gleymist í fríi og ferðalögum og því viljum við í Dalabyggð leggja okkar af mörkum til að lestri verði frekar sinnt yfir sumarið.
- Dalabyggð hefur samið við málmendurvinnslufyrirtækið Furu ehf. um söfnun brotajárns og fleiri úrgangsflokka sumarið 2024. Áætlað er að söfnunin fari fram kringum mánaðarmótin júní/júlí. Söfnunarátakið kemur í stað málmgáma sem hafa verið aðgengilegir viku í senn víðsvegar um sveitarfélagið á sumrin. Sú söfnun verður áfram fyrir timbrið með sama sniði og verður kynnt sérstaklega. Átökin eru bæði innifalin í sorphirðugjöldum sveitarfélagsins og eru ætluð greiðendum þeirra, heimilum og frístundahúsum. Nánar um söfnunina hér: <https://dalir.is/frettir/sofnun-brotajarns-i-dalabyggd-2024/>



- Eins og kynnt hefur verið á heimasíðu Dalabyggðar þá er í undirbúningi að samhliða 17. júní hátíðarhöldum í Dalabyggð að fagna því að 30 ár verða þann 11. júní frá því að Dalabyggð tók til starfa sem sveitarfélag. Menningarmálanefnd Dalabyggðar og starfsmaður hennar hafa haldið utan um undirbúning í samstarfi við félagasamtök og einstaklinga og er ljóst að það stefnir í flottan dag hér í Dölum og vil ég þakka öllum þeim sem gefið hafa kost á sér við undirbúning þessa dags.



Ég vil hér í skýrslu minni minnast á að nú er kjörtímabil það sem við erum stödd á hálfnað. Núverandi sveitarstjórn Dalabyggðar tók formlega til starfa þann 2. júní árið 2022 að afloknum kosningum. Tíminn flýgur hjá en við þessi tímamót er rétt að staldra ögn við, horfa um öxl og fara yfir þau markmið sem þið, ágætu sveitarstjórnarmenn, settuð ykkur í aðdraganda sem og strax í kjölfar kosninga vorið 2022. Stjórn sveitarfélags fylgir ábyrgð og í lok dags eru það alltaf þið, kjörnir fulltrúar í sveitarstjórn, sem berið ábyrgð gagnvart umbjóðendum ykkar sem eru skattgreiðendur í Dalabyggð.

Sú samheldni sem ríkt hefur þetta kjörtímabil er ekki sjálfsagt en sýnir styrk og ég vona svo sannarlega að sá starfsandi ríki áfram. Það er ekki þar með sagt að hlutirnir séu ekki ræddir og skipst á skoðunum, en þegar niðurstaða liggur fyrir þá er það stefnan sem tekin er.

Hér fyrr á fundinum þá urðu oddvitaskipti og vil ég þakka fráfarandi oddvita, Eyjólf Ingva Bjarnasyni kærlega fyrir afar góð samskipti og samvinnu á þessum tíma sem við höfum starfað saman sem telur nú rétt um 23 mánuði, en Eyjólfur er hvergi nærri hættur og njótum við góðu heilli starfskrafta hans áfram í sveitarstjórn. Jafnframt vil ég óska nýkjörnum oddvita, Ingibjörgu Þórönnu Steinudóttir eða Ingu eins og við öll köllum hana dags daglega innilega til hamingju með nýtt hlutverk og vænti áframhaldandi góðs samstarfs og samskipta eins og verið hefur, við erum rík af mannauði hér í sveitarstjórn Dalabyggðar.

Að lokum vil ég minnast á þau tímamót sem við í Dalabyggð stöndum á í dag, þriðjudaginn 11. júní 2024. Við fögnum ekki einungis því að í dag eru 30 ár frá því að Dalabyggð varð til og þó að bættust við hreppar síðar þá var það þann 11. júní árið 1994 sem vegferð Dalabyggðar hófst. Það eru merk tímamót sem við ætlum að halda upp á þann 17. júní n.k. samhliða því að fagna 80 ára afmæli lýðveldisins okkar. Það eru líka önnur tímamót sem við fögnum í dag en hér fyrir á fundinum samþykkti sveitarstjórn Dalabyggðar að fara í stærstu einstöku framkvæmd sem Dalabyggð hefur farið í á þeim 30 árum sem sveitarfélagið hefur verið til þar sem um er að ræða uppbyggingu íþróttamannvirkja hér í Búðardal. Þessi ákvörðun kemur í kjölfar þess að Lánasjóður sveitarfélaga samþykkti að lána Dalabyggð til framkvæmdarinnar. Það að sveitarfélag með 666 íbúa ákveði að fara í framkvæmd sem kosta mun um 1,3 milljarð króna er ekki sjálfgefið en sýnir að mínu mati þann metnað og þá trú sem sveitarstjórn hefur á samfélaginu hér í Dölum. Sú eindrægni og einhugur sem einkennt hefur alla vinnu við undirbúning þessa verkefnis meðal kjörinna fulltrúa og starfsmanna Dalabyggðar sýnir mikinn styrk og megum við vera stolt af því að þetta gríðarlega dýrmæta verkefni sé að fara í gang í samstarfi við Eykt ehf. sem var tilbúið í þennan dans með okkur, byggðum á grunni alútboðs sem farið var í vorið 2022. Ég vænti góðs af samstarfi við Eykt ehf. og alla þá undirverktaka sem koma munu að verkefninu með þeim ásamt því sem ég vænti góðs að samstarfi við eftirlits- og umsjónaraðila okkar sem er Efla og starfsmenn þess öflugra fyrirtækis hér á Vesturlandi, samið er við Eflu um þetta mikilvæga verkefni að undangenginni verðkönnun.

Það eru spennandi tímar en auðvitað mun þetta taka í, við þurfum að vanda okkur og undirbúa vel alla öryggisþætti í kringum framkvæmdasvæði og taka tillit eins og kostur er til þeirrar starfsemi sem í gangi verður í leik- og grunnskóla en jafnframt þurfum við að temja okkur ákveðið æðruleysi því það mun ekki verða hjá því komist að ónæði verði en þá þurfum við að muna að þetta gengur hratt yfir og þann 4. febrúar 2026 fáum við afhent fullfrágengið mannvirki.

Til hamingju íbúar Dalabyggðar, núverandi og verðandi, 11. júní er og verður merkisdagur í sögu Dalabyggðar !





Hér sem fyrr í minnisblöðum sveitarstjóra er einungis stiklað á stóru því margt af því sem fram fer á skrifstofu sveitarstjóra og annarra starfsmanna Dalabyggðar ratar ekki í dagbók undirritaðs eða er þess eðlis að ekki er eðlilegt að nefna í opinberu minnisblaði. Verkefni eru ýmiskonar en öll hafa þau það að markmiði að gera gott samfélag betra á einn eða annan hátt.

BBP – 11/06/2024